

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir 3. áfanga Hálanda í landi Hlíðarenda.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 18. maí 2022 breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga Hálanda í landi Hlíðarenda.

Breytingin tekur til lóða nr. 1, 3 og 5 við Hymuland. Lóðamörk og byggingarreitir á lóðum nr. 3 og 5 breytast og lóðirnar minnka þannig að við bætist ein ný lóð fyrir frístundahús, Hymuland 7. Þá mun gólfkóti lóðar nr. 1 lækka óverulega.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F. h. Akureyrarbæjar, 23. júní 2022,*

**María Markúsdóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfudagur: 24. júní 2022